



Kynnstu því besta sem Perú hefur uppá að bjóða í þessari andlegu og menningarlegu ævintýraferð. Leiðin liggur um marga helgustu staði Perú undir leiðsögn perúvíss leiðsögumanns, auk þess sem hópurinn mun eiga stefnumót við ýmsa andlega meistara landsins (shamana). Helstu staðir sem farið er til eru: **Machu Picchu, Nazca línurnar** (úr lofti), **Paracas** og **“galapagos” eyjar Perú, Lake Titicaca, Cusco**, (hin forna höfuðborg Inkanna) **Dalurinn helgi** og **Lima**.

Ferðin er skipulögð og seld af **Magical Tours Perú** – Netfang: washingtongibaja@gmail.com Magical Tours Perú ferðaskrifstofan var stofnuð árið 2008 og er með fullt leyfi til reksturs ferðaskrifstofu í Perú.

Staðarleiðsögumaður: Washington Gibaja Tapia, rithöfundur, fyrirlesari, shaman og heilari. Washington hefur margra ára reynslu af skipulagningu eftirminnilegra ferða til Perú og reyndar annarra landa Suður-Ameríku líka. Sú viska og sú öfluga orka sem hann deilir með ferðalöngum í þessari Perúferð kemur til með að opna hjörtu allra á yndislegan máta.

Hámarksfjöldi í ferðina: 20 manns

Innifaldar máltíðir skilgreindar: **M**=morgunverður, **H**=hádegisverður og **K**=kvöldverður

Flogið frá Evrópu/Ameríku 27. mars 2026

DAGUR 1: 28/3/2026 – KOMIÐ TIL LIMA:

Lent hvenær sem er dags í Lima. Gist verður í Miraflores hverfinu, en það byggðist upp sem lítið fiskiþorp, áður en Spánn gerði Perú að nýlendu sinni. Síðar á nýlendutímanum voru byggð þarna hús í evrópskum stíl og landbúnaður stundaður vegna vatns frá Rímac vatnasvæðinu. Núna eru þarna fallegir garðar og mest heimsóttu strandir borgarinnar. Göturnar eru iðandi af lífi, list, listagalleríum, verslunum, götulistamönnum og dásamlegum veitingastöðum.

Gist í 3 nætur á: www.casarepublica.com

DAGUR 2: 29/3/2026 – MATARGÖNGUFERÐ Í GEGNUM BARRANCO HVERFIÐ

Eftir morgunverð á hótelinu er lagt af stað í gönguferð frá 11:00 til ca 16:00 þar sem hópurinn kynnist hreinræktuðu bragði hinnar heimspekktu perúvísku matargerðar. Í þessu sögufræga og bóhemíska hverfi er að finna margar krár, markaði og “street food” götusala sem vernda og viðhalda hinni hefðbundnu perúvísku matargerð. Síðdegis er svo tími til að kanna borgina, markaði hennar eða njóta sólarlagsins við hafið. Helstu toppar í gönguferðinni:

1. Fallegur garður sem lagður var grunnur að árið 1898
2. Besti ísinn á Gamla Markaðnum
3. Heimsóttur markaður með ávöxtum og grænmeti og úrvalið skoðað
4. Heimsókn á Ceviche Barinn og prófaðir 3 mismunandi rétti þar
5. Lært hvernig Ceviche er matreitt

6. Gengið yfir Bridge of Sighs, um gömlu strandgötuna og fjallað um mýtur og hefðir Lima
7. Smökkun á dásamlegum réttum sem eldaðir eru eins og amma gerði- EN á HÁKLASSA veitingastað
8. Skálað í aðal þjóðardrykknum Pisco Sour
9. Borðaður *Sweet Note* eftirrættinn í frægu umhverfi
10. Vatnsflaska fyrir alla í ferðinni



Skoðaður hinn rómantíski garður Parque del Amor (Garður ástarinnar) og hið þekkta listaverk El Beso – eða Kossinn. Sólarlagsins notið við Kyrrahafið. Tekin smá hvíld til að skipta um föt á hótelinu og svo fer hópurinn saman í fyrsta sameiginlega kvöldverðinn á **La Rosa Nautica** sem er við Kyrrahafið – www.larosanautica.com Aftur gist á: www.casarepublica.com – **Innifalið: M, H, K**

DAGUR 3: 30/3/2026 – LARCO SAFNIÐ, LIMA OG HUACAPUCLLANA RÚSTIRNAR

Morgunverður er borinn fram á hótelinu frá kl. 06:00, en lagt er af stað með rútu kl. 10:00 til að heimsækja Larco safnið – www.museolarco.org – Þetta er eitt mikilvægasta safnið í Suður-Ameríku, þar sem sjá má einstaka dýrgripa frá fornum ættbálkum Perú. Eftir frábæran hádegisverð er farið í menningarlega gönguferð um Miraflores og Huacapucllana fornleifa-uppgröfturinn heimsóttur. Kvöldverður á Restaurant Huacapucllana í nágrenni minjanna.

<https://www.resthuacapucllana.com/>

– Innifalið M, H, K – síðasta nóttinn á Casa Republica



DAGUR 4: 31/3/2026 – PACHACAMAC – CASA HACIENDA – PASO HESTASÝNING

Eftir morgunverð á hótelinu er lagt af stað í rútu suður á bóginn og Pachacamac rústirnar skoðaðar, en þar er búseta talin hafa hafist 200 e. Kr. Rústirnar eru áhrifamikil fornminjasvæði, þar sem eitt sinn var miðstöð trúarbragða frumbyggjanna, áður en Spánverjar hertóku landið. Í framhaldi af því er heimsókn til **Casa Hacienda Los Ficus**, staðar sem hlaðinn er hinu dulræna, menningu og hefð. Hér er boðið upp á Paso hestasýningu, en þessir hestar eru sérstakt afbrigði sem einkennist af einstökum gangi sem líkist dansi. Eftir sýninguna er boðið upp á hádegisverð af hlaðborði á veitingastað **Casa Los Ficus**. Í framhaldi af hádegisverði heldur förin áfram til Casa Hacienda San Jose þar sem gist er.

<https://www.casahaciendasanjose.com/es/Homepage>

Innifalið: M, H



DAGUR 5: 1/4/2026 – PARACAS OG PERÚVÍSKU „GALAPAGOS“ EYJARNAR

Morgunverður á hótelinu og hópurinn síðan sóttur kl. 09:30 til að fara í einkaferð með báti út til perúvísku „galapagos“ eyjanna, þar sem sjá má náttúrulegar bogamyndanir, Gumball mörgæsir, mikið fuglalíf, skjaldbökur og sæljón. Notið er ferska loftsins á Kyrrahafinu í opnum báti, svo passa þarf að hattar/húfur fjúki ekki, því báturinn getur farið hratt. Ferðin tekur um tvo tíma og veitir mörg tækifæri til að taka fallegar myndir. Á leiðinni til baka má líta “Paracas kertastjakann” sem mótaður hefur verið í eina fjallshlíðina, væntanlega af einhverjum menningarhópi sem



bjó þarna á svæðinu. Þegar komið er í land er snæddur hádegisverður á Paracas verndarsvæðinu með útsýni yfir hafið. Næst er svo heimsókn í Paracas safnið til að skilja betur menningu þeirra sem þarna bjuggu og andlegar hefðir þeirra. Meðan fylgst er með sólarlaginu nýtur hópurinn sérstakrar vatnsseremóníu, til að koma heilandi jafnvægi á andann, en hún er leidd af Brother Felix – meðan þátttakendur sitja við eld, umvafðir hafinu og stjörnum himins. Í framhaldi af henni er haldið heim á hótelið. Gisting á <https://www.casahaciendasanjose.com/es/Homepage>
Innifalið M, H

DAGUR 6: 2/4/2026 – PARACAS NAZCA FLUG

Þessi spennandi dagur hefst á því að hópurinn er sóttur á hótelið kl. 08:00 og ekið til Aerodromo flugvallarins í Ica, þar sem einkavélar bíða og fljúga með þátttakendur yfir Nazca línurnar. Auk þeirra sem uppgötvaðar voru um og eftir síðari heimstýrjöldina, verður einnig flogið yfir línur sem nýlega hafa fundist í Nazca eyðimörkinni. Allir frá vottorð eftir flugið – með staðfestingu um að hafa flogið yfir Nazca línurnar. Eftir flugið er ekið í gegnum Ica og nokkra aðra strandbæi til að heimsækja Vin Huacachina, sem er einungis 4 mílum frá Ica borginni. Á leiðinni gefst tækifæri til að mynda þessa perúvísku Sahara-líku eyðimörk – og safna smá sandi ef þátttakendur safna sandi frá þeim eyðimörkum sem þeir hafa heimsótt. Hér voru haldnar fornar seremóníur og hér var fólk grafið. Brother Felix verður með sérstaka blessun fyrir alla. Áður en haldið er aftur til næsta gististaðar, er gerður stuttur stans í gömlum vínkjallara, þar sem verður fræðsla um það hvernig þeir gera vín og Pisco (Perúvískt brandý). **ATHUGIÐ!** Ekki vera í opnum sandölum þennan dag. Eyðimerkursandurinn er MJÖG heitur. Verið með sólgleraugu og hatt. Ekið aftur til Lima þar sem gist verður á flugvallahóteli – svo hópurinn sé tilbúinn fyrir flug til Cusco fyrri hluta næsta dags.



Gisting: <https://www.costadelsolperu.com/hoteles/hotel-costa-del-sol-wyndham-lima-aeropuerto/> -
Innifalið: M,H

DAGUR 7: 3/4/2026 FRÁ LIMA TIL CUSCO

Eftir morgunverð er flogið frá **LIMA TIL CUSCO** en borgin er í 3.399 m hæð yfir sjávarmáli. (Tíminn ræðst af flugáætlunum). Frjáls tími eftir að komið er til Cusco. Nýta má hann í að rölta um steinum lögð stræti Cusco, fá sér hádegismat eða kaffi á einum af þeim frábæru veitingahúsum sem eru við Plaza De Armas torgið – og/eða heimsækja söfn og búðir sem bjóða upp á einstaka muni og hitta lókal listamenn. Hægt er að heimsækja **Choco safnið** eða aðra áhugaverða staði. Allir fá aðgöngumiða að ýmsum áhugaverðum ferðamannastöðum og geta síðan valið hvert þeir vilja fara.



Gisting: <https://www.quinta-sanblas.com/> Innifalið: M

DAGUR 8: 4/4/2026 CUSCO BORG OG NÁGRENNI + SEREMÓNÍA

Morguninn er frjáls. Hópurinn sóttur á hótelið kl. 13:00. Hádegisverður á hinum Perúvíska veitingastað Cusqueñita, þar sem boðið verður upp á mat af svæðinu meðan notið er danssýningar. Eftir það er ekið til Saqsayhuaman, en staðurinn er þekktur fyrir sína “megalithic” steinpalla/-hleðslur eða stéttir og þá samþættu orku sem þar er. Frá Saqsayhuaman er farið heim til shamans úr Andesfjöllunum sem býr í nágrenni Cusco. Í einka-seremóníu fer hann með hópinn í gegnum heilunarathöfn samkvæmt fornum



hefðum. Á meðan á seremóníunni stendur mun hann útbúa „despacho“, sem er sérstakur böndull, með fórnum til Móður Jarðar, sem hann síðan brennir og vindurinn tekur fórnið til hærri sviða, til heilagra anda. Á meðan á þessari „ferð“ stendur mun shamaninn opna inn á aðrar víddir, þar sem þátttakendur uppgötva sannleika sinn og öðlast heilun. Hann mun síðan veita hverjum og einum þátttakanda skilaboð í einrúmi, undir takti heilagrar tónlistar sem spiluð verður af perúvískum tónlistarmönnum. Eftir athöfnina er haldið aftur til Cusco. Hægt er að nota síðdegisdag/kvöldið til að kíkja í verslanir til að kaupa eitthvað fallegt fyrir sjálfan sig eða fyrir fjölskyldu og vini.

Gisting: <https://www.quinta-sanblas.com/> Innifalið: M, H

DAGUR 9: 5/4/2026 CUSCO, MORAY, SALTNÁMURNAR OG OLLANTAYTAMBO:

Eftir morgunverð er Chincheros markaðurinn heimsóttur. Hér útskýra heimamenn hvernig vefnaður þeirra fer fram, hvernig rúið er, litað og ofið úr alpaca ullinni. Þaðan er haldið til Moray hringstallanna – eða Nafla Perú. Á þessum helga stað komum við til með að skynja tenginguna við heimana þrjá, sem táknaðir eru með hinum þremur helgu dýrum Inkanna: Kondornum, Púmunninni og Snáknum. Forfeðurnir byggðu upp nokkurs konar hringleikahús með mörgum stöllum, til að rannsaka hvað hægt væri að rækta í mismunandi loftslagi eftir hæð þeirra. Síðan er heimsókn í Moray saltnámurnar á leið niður í Dalinn Helga. Síðdegis er komið til Ollantaytambo en það er í dag lítill bær með rústum af miklu virki frá tímum Inkanna, Inka prinsessu-baði, bleikum graníthofum, pýramíðum og fleiru.



Gisting á: [Hotel Pakaritampu](#) Innifalið: M, H

DAGUR 10: 6/4/2026 DALURINN HELGI – SJÁLFBODA-FERÐAMENNSKA

Eftir frábæran morgunverð er gengið að rústunum í Ollantaytambo en bærinn er í 2.792 m hæð yfir sjávarmáli. Í honum eru rústir af mögnuðu virki frá tímum Inkanna, bleik graníthof og pýramídar. Eftir þá heimsókn er haldið í eitt af þorpunum í nágrenninu og þátttakendur kynntir fyrir “sjálfboda-túrisma”, sem snýst um að gefa til baka hér í Dalnum Helga. Hann veitir þátttakendum tækifæri til að kynnst heimafólki og lífsháttum þeirra og deila með þeim hjarta sínu og kærleika með gjöfum til þessa duglega og fallega fólks. Ferðaskrifstofan mun velja gjafir og verkefni sem henta viðkomandi svæði (innifalið í verði ferðarinnar). Ef einhverjir vilja leggja meira af mörkum þegar komið er á staðinn er hægt að safna saman peningum og bæta við einhverjum fallegum gjöfum, allt eftir því hvað þorpsbúar hafa mesta þörf fyrir. Þessi tími ferðarinnar endar oft á að vera hápunktur hennar. Eftirfarandi er oft gefið:

1. Kjúklingar eða grísir fyrir fjölskyldurnar.
2. Hópurinn deilir heitu súkkulaði og Vizcocho brauði með börnum svo og þeim gjöfum sem komið er með og/eða því sem þátttakendur kunna að vilja bæta við.

Perúvíska ferðaskrifstofan lofar því að þessi dagur fylli fólk af innblæstri og þakklæti! Hádegisverður og kvöldverður innifalinn.

Gisting: www.pakaritampu.com Innifalið: M, H, K



Athugið: Innifalið í verði ferðarinnar eru kjúklingar eða grísir fyrir fjölskyldurnar og heitt súkkulaði fyrir börnin. Ef þátttakendur vilja geta þeir komið með blýanta, yddara eða penna/skrifbækur að heiman (eða keypt í Cusco) eða keypt sólarrafhlöðu ljós í Perú fyrir fjölskyldurnar. Ljósinn hjálpa börnunum við heimanámið og veita mæðrunum tækifæri til að vinna lengur að vefnaði sínum. Endurskinsmerki eru líka vel þegin og lítil vasaljós sem hægt er að nota á kvöldin.

DAGUR 11: 7/4/2026 DALURINN HELGI OG HIN HELGA BORG MACHU PICCHU

Eftir morgunverð er haldið á brautarstöðina og lestin til Aguas Calientes tekin, skv. tímatöflu lestarinnar. Þegar komið er til Aguas Calientes sem er í 2.040 m hæð yfir sjávarmáli og er við rætur fjallsins sem Machu Picchu er reist á, er farið með með farangurinn á hótelið.



Hádegismatur snæddur saman (í lestinni er hægt að fá kaffi og eitthvað snakk með), áður en haldið er með rútu upp að fornminjunum í Machu Picchu, sem eru í 2.340 m hæð yfir sjávarmáli. Þar býðst 2-3 klukkustunda leiðsögn um svæðið með leiðsögumanninum. Eftir það er hægt að ganga um rústirnar á eigin vegum og taka myndir og taka svo rútna niður í Aguas Calientes (bæinn við rætur fjallsins sem Machu Picchu stendur á) þegar hver og einn vill. Hægt er að rölta um bæinn eða fara í bað í “heitu lindinni” þeirra. Kvöldverður á hinu frábæra veitingahúsi www.indiofeliz.com

Gisting: www.tierravivahoteles.com/en/tierra-viva-cusco-machu-picchu

Innifalið: M, H, K

DAGUR 12: 8/4/2026 MACHU PICCHU – CUSCO

Hægt er að velja á milli þess að hvíla sig á hótelinu og vera í bænum þennan morgun eða fara snemma af stað upp í rústir Machu Picchu til að ganga upp að Sólarhliðinu, að Inka brúnni eða klífa einstigið upp Huayna Picchu (**gönguna upp þarf að bóka þegar ferðin er bókuð**). Hádegisverður á eigin vegum áður en haldið er til baka til Ollantaytambo með lestinni. Frá Ollantaytambo er farið með rútu til baka til Cusco – Áætlaður komutími þangað milli klukkan 16:00-17:00 síðdegis. Sameiginlegur pizzu-kvöldverður að hætti Perúmanna þegar komið er til Cusco. Farið frekar snemma að sofa, því næsti dagur byrjar snemma.

Gisting: <https://www.quinta-sanblas.com/> Innifalið: M, K

DAGUR 13: 9/4/2026 CUSCO - LAKE TITICACA (NAFLI JARÐARINNAR) Morgunverður á hótelinu frá kl.

05:00 að morgni. Rúta sækir hópinn á hótelið í Cusco um kl. 06:30 og lagt er af stað akandi til Lake Titicaca. Heimsókn í Púma hofið í Pukara, en það er með fallegum steinristum. Stopp á nokkrum stöðum á leiðinni til að mynda snævi þakin Andesfjöllin og fallegt útsýni. Heimsókn til [Raqch'i](#), sem er líka þekkt sem Hof Wiracocha, hins andlega Guðs Inkanna. Þar eru ótrúlega flottar rústir bæði úr leir og hlöðnum steinum. Fyrir hádegisverð verður seremónía, til virðingar við forfeðurna og návist þeirra. Við komum til með að skoða hina perúvísku útgáfu af Monument Valley í Tinajani dalnum. Seinna er gert stutt stopp í Piñi Pampa bænum til að sjá hvernig þeir gera leirskífur fyrir þök húsa. Líka stoppað í Oropesa þorpinu til að sjá – og smakka – hið stóra brauð, sem allir elska. Væntanlega komið til Lake Titicaca, sem er í 3.812 m hæð yfir sjávarmáli, um klukkan 18:00. Kvöldverður á eigin vegum á hótelinu og/eða



Gisting: www.ghllagotiticaca.com (M, H)

DAGUR 14 (10/4/2026) LAKE TITICACA - AMARAMURO – UROS EYJAR:

Rúta sækir hópinn á hótelið kl. 08:00 eftir morgunmat og ekur honum að Amaramuro. Það er elsta orkuhliðið við Lake Titicaca og þar fer hópurinn í gegnum forna seremóníu. Íbúar á svæðinu kalla þennan stað *Willca Uta*, sem þýðir “staðurinn þar sem innfæddir fengu vígslu”, en vígslan er einmitt tilgangur heimsóknar okkar. Orkan er mjög mögnuð og sterk á þessum stað og heimamenn eru vanir því að geimskip sjáist oft þar og finnst það bara mjög eðlilegt. Frá þessum stað er siglt út til Uros eyja, sem eru fljótandi sefeyjar, alls um áttatíu talsins, þar sem heimamenn ganga enn í hefðbundnum fötum. Farið „um borð“ í eyjarnar og siglt á sefbátum. Haldið til lands til að snæða hádegisverð. Eftir hádegisverð er ekið til Juliaca, en þaðan er flogið til Lima – og náð í miðnæturflog í átt heim á leið.



Í Lima endar þjónusta Magical Tours Peru

Vinsamlegast athugið að nákvæmur brottfarar- eða upphafstími fyrir hvern dag verður staðfestur á staðnum af leiðsögumanni.

HÓTELIN: Slóð inn á hótelin fylgir ferðalýsingu hvers dags, svo hægt er að skoða þau á netinu. Öll bjóða upp á nettengingu í herbergjunum. Hún gæti hins vegar verið frekar slök í Aguas Calientes, þar sem við erum komin djúpt inn í frumskóginn.

Alþjóðleg flug:

- Komið til Lima í Perú, hvenær sem er dags þann 28. mars. Farþegar sóttir á flugvöllinn.
- Brottför frá Lima í Perú 10. apríl 2026 – undir miðnætti eða 11. apríl eftir miðnætti – eftir því hvert er flogið.

INNIFALIÐ Í VERÐI FERÐARINNAR:

1. Innanlandsflug (Lima>Cusco/Juliaca>Lima) + flugvallaskattar. 23 kg ferðataska innifalin í gjaldi + handfarangur.
2. Flug yfir Nazca línurnar með einkaflugvélum.
3. Deluxe rútuferðir alla ferðina.
4. Falleg hótél með tveggja manna eða Twin herbergjum. Hægt að panta eins manns herbergi líka.
5. Aðgangseyrir að Machu Picchu, Lake Titicaca, Amaramuro, Cusco og að öllum stöðum og söfnum sem upp eru talin í ferðalýsingunni.
6. Allir morgunverðir og hádegisverðir nema einn (Aguas Calientes síðari daginn). Grænmetisfæði er alltaf í boði líka.
7. Fimm kvöldverðir samkvæmt ferðalýsingu – **merktir K**
8. Shaman þjálfður leiðsögumaður og shamanar á viðkomustöðum okkar
9. Lest fram og til baka frá Ollantaytambo til og frá Machu Picchu.
10. Rútuferð til og frá Ollantaytambo/Machu Picchu til Cusco.
11. Aðstoð á öllum perúvískum flugvöllum.
12. Einkabátar fyrir Paracas ferð og Lake Titicaca
13. Vatn í flöskum daglega.
14. Sjálfboða-ferðamennska (kjúklingar, grísir, brauð og heitt súkkulaði)

EKKI INNIFALIÐ:

- Alþjóðleg flugfargjöld.
- Margir kvöldverðir.
- Auka drykkjarföng.
- Þjófnef. (Töskuberar á hótélum, þjónar, leiðsögumenn, kokkar (Ollantaytambo) og bílstjórar).

GOTT AÐ HAFNA MEÐ SÉR:

- Farsíma og hleðslutæki
- Vekjaraklukkan (er á símanum) / læsið verðmæti í öryggishólfum á hótélum
- Gilt kredit- eða debetkort
- Læsingar á farangur
- Vegabréf
- Myndavél – minniskort – auka rafhlöður
- Glæraugu: Lestrar- og/eða sólgleraugu
- Lausafé í USD – athugið þeir taka ekki rifna seðla / kort sem gengur í heimabanka
- Lítinn “dag-bakpoka”

- Þægilega gönguskó (strigaskó) sem góðir eru til göngu – gjarnan vatnsheldir.
- Vatnsheldan jakka (skel)
- Vindheldan jakka og föt fyrir milt veður fyrir svona 15-20 gráðu hita á C
- Hljýjan jakka eða flíspeysu, húfur og hanska fyrir kvöldin í fjöllum (Cusco, Lake Titicaca)
- Hatt til varnar sólinni – flestir kaupa sér einn perúvíska á einhverjum markaðnum
- Vasaljós (lítið)
- Vörn gegn skordýrum – hægt að kaupa í landinu
- Sólarvörn – mikilvæg í fjöllum

Hægt er að velja að koma með eitthvað af skóladóti fyrir börnin í þorpum Dalsins Helga eins og blýanta, penna, skrifbækur o.s.frv.

SKRÁNINGU Í FERÐINA LÝKUR Á BILINU 20. OKTÓBER 2025

VERÐ FYRIR FERÐINA:

- **Verð per mann, miðað við tvo í herbergi: \$ 5.300 – = um 667.800 kr (miðað við gengi \$ á 126 kr)**
- **Verð per mann, miðað við einn í herbergi: \$ 5.950 – Um 749.700 kr (miðað við gengi \$ á 126 kr)**

GREIÐSLUFYRIRKOMULAG MIÐAÐ VIÐ TVO Í HERBERGI:

- Þú skráir þig í ferðina með því að senda póst á: washingtongibaja@gmail.com ásamt fullu nafni, heimilisfangi og netfangi, svo og ljósmynd af vegabréfinu þínu. Vegabréfið þarf að vera gilt í 6 mánuði eftir brottför frá Perú.
- Magical Tours Perú sendir þér til baka póst með upplýsingum um hvernig greiða má staðfestingargjaldið, sem er \$ 1.000 per mann og er óafturkræft.
- Næsta greiðsla \$2.000 per mann greiðist 15. nóvember í gegnum sömu greiðslugátt.
- Lokagreiðsla \$ 2.300 pr mann greiðist 15. janúar 2026 í gegnum sömu greiðslugátt.

GREIÐSLUFYRIRKOMULAG MIÐAÐ VIÐ EINN Í HERBERGI:

- Þú skráir þig í ferðina með því að senda póst á: washingtongibaja@gmail.com ásamt fullu nafni, heimilisfangi og netfangi, svo og ljósmynd af vegabréfinu þínu. Vegabréfið þarf að vera gilt í 6 mánuði eftir brottför frá Perú.
- Magical Tours Perú sendir þér til baka póst með upplýsingum um hvernig greiða má staðfestingargjaldið per mann, sem er \$ 1.000 og er óafturkræft.
- Næsta greiðsla \$ 2.500 greiðist 15. nóvember í gegnum sömu greiðslugátt.
- Lokagreiðsla 2.450 greiðist 15. Janúar 2026 í gegnum sömu greiðslugátt.

AFBÓKUNARGJALD:

- Staðfestingargjald ferðarinnar er óafturkræft
- Sé afbókað 120-60 dögum fyrir ferð þá heldur ferðaskrifstofan eftir 20% af afturkræfu gjaldi
- Sé afbókað 60-30 dögum fyrir ferð þá heldur ferðaskrifstofan eftir 40% af afturkræfu gjaldi
- Sé afbókað 30-15 dögum fyrir ferð þá heldur ferðaskrifstofan eftir 75% af afturkræfu gjaldi
- Sé afbókað 15 dögum eða minna fyrir ferð heldur ferðaskrifstofan eftir 100% af afturkræfu gjaldi.



Kind Regards,

WASHINGTON GIBAJA TAPIA

MAGICAL TOURS PERU

Expert in Designing Memorable guided journey experiences in Machu Picchu - Perú and South America

Author - Speaker - Philanthropy - Spiritual Ceremonies

Email: washingtongibaja@gmail.com

www.pathoftheheart.org

Mobile: +51 939 968 380 / 935 597 440

Facebook: Washington Gibaja Tapia